



293. Stjórnarfundur haldinn 29. ágúst 2007 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerðir síðustu funda.

Lesnar og samþykktar.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá : Stjórnunni v/ Árskýrsla félagsins, HSÍ v/ skólamóts í handknattleik, JSÍ v/stofnunar á júdódeild og Eðvarði T. Jónssyni v/ skrif á sögu félagsins. Ákveðið að boða Eðvarð á næsta stjórnarfund eftir hálfan mánuð. Framkvæmdastjóra falið að svar erindum frá HSÍ og JSÍ með tölvupósti.

3. Send bréf.

Landsmótsnefnd í Kópavogi bt: Birni Hermannsyni v/endurgreiðslu þátttakgjalda karla og kvenna í knattspyrnu.

4. Landsmót UMFÍ

EH þakkaði stjórnarmönnum og félagsmönnum þeirra þátttöku í landsmótinu í Kópavogi. Urðum landsmótsmeistarar í körfu og sundi og tókum líka öll einstaklingsverðlaun í sundi. Félagið endaði í fimmta sæti í heildar stigakeppninni. EH skýrði frá unglíngalandsmótinu á Höfn en 23 keppendur voru frá okkur. Unglíngalandsmótið er mjög góð fjölskylduhátíð og hefur sýnt sig að hún á fullann rétt á sér.

5. Íþrótt- og leikjaskóli.

EH kynnti skýrslu íþrótt- og leikjaskólans eftir sumarið. Þátttakendum fer heldur fækkandi sem er ekki nógu gott. EH lagði áherslu á að bregðast þyrfti við þessari fækkun og reyna að ná fleiri börnum inn í skólann. EH þakkaði góðu starfsfólki fyrir vel unnin störf í sumar jafnframt því að þakka RNB, og vinnuskólanum fyrir þeirra framlag einnig starfsfólki íþróttamannvirkja.

6. Tímaúthlutanir í íþróttamannvirkjum RNB.

EH kynnti tímatöfluna en hún orðin klár og er búið að senda hana út til deilda og setja í hölf deilda hér í félagsheimili okkar. Nokkrar breytingar eru á töflunni. Íþróttahúsið við Myllubakkaskóla er ekki í notkun fyrir utan að fimleikar fá að verða á laugardögum. Íþróttahúsið við Akurskóli er ekki kominn í gagnid en væntanlega fáum við einhverja tíma þar.





7. Félagssvæði Keflavíkur við Hringbraut.

Tekið fyrir erindi Stafnvíkur og knattspyrnudeildar um að heimila byggingaframkvæmdir upp með Hringbraut og inn á félagssvæðið okkar og innlausnar á félagsheimili okkar að Hringbraut 108. Miklar umræður um málið. Ákveðið að EH, SG og BI fari á fund Stafnvíkur og ræði málin frekar.

8. Önnur mál.

EH skýrði frá því að hann hefði tekið á móti gjöf sem Sigurður Björgvinsson afhenti fyrir hönd fjölskyldu Ragnars Margeirssonar sem ætti að varðveitast hér í okkar félagsheimili. Fjölskyldu Ragnars eru hér með færðar innilegar þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Ragnar var félaginu mjög kær og mikill íþróttamaður. EH sagði frá því að hann væri á stjórnarfundi UFMÍ nú um helgina. Þing UMFÍ í október 20. og 21. væntanlega Þingvöllum. EH lýsti yfir áhyggjum sínum að enn væri ekki búið að halda þing ÍRB né finna nýjan formann. Biður stjórnarmenn að svipast efir einhverjum sem væri tilbúinn að taka þetta hlutverk að sér.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:00

